

## Samstarfsamningur

### Listkennsludeildar Listaháskóla Íslands og Menntaskólans á Tröllaskaga

Samkomulagið nær til samstarfs listkennsludeildar Listaháskóla Íslands við Menntaskólann á Tröllaskaga (MTR) um verkefni listkennslunemenda unnin í samvinnu við menntaskólann.

Verkefni geta falist í því að nemendur listkennsludeildar skipuleggi og bjóði námskeið fyrir nemendur MTR undir leiðsögn kennara frá Listaháskólanum. Námskeiðin geta verið vikulöng, 2 f-eininga valnámskeið þar sem ákveðin viðfangsefni listgreina eru tekin fyrir s.s. myndlist, hönnun, tónlist eða leiklist.

Námskeið gætu einnig verið fólgin í vikulangri þemaviku þar sem nemendur og kennarar listkennsludeildar taka yfir kennsluna í viku í listtengdum verkefnum. Inntak námskeiða og útfærsla eru ákveðin í nánu samstarfi skólanna tveggja og nemenda. Áfangalýsingu skal skila inn til aðstoðarskólameistara áður en kennsla hefst, hún skal vera almenn en ekki sértæk þannig að sé svipað nám sett upp í öðrum skóla nýtist áfangalýsingin. Í áfangalýsingu koma fram hæfniviðmið námsins. Kennsluáætlun, þar sem koma meðal annars fram upplýsingar um námsmat, kennslugögn og aðrar sértækar upplýsingar, verður sett inn í Moodle til upplýsingar fyrir nemendur MTR.


Listkennsludeild Listaháskólans er ábyrg fyrir kostnaði við skipulag og undirbúning.

Menntaskólinn á Tröllaskaga útvegar húsnæði á staðnum og greiðir ferðakostnað nemenda og kennara ásamt efniskostnaði.


Laun fyrir kennslu eru umsamin hverju sinni.

Öflun efniviðar í verkefni er sameiginlegt verkefni skólanna.

Reykjavík og Ólafsfirði 11. maí 2015



Kristín Valsdóttir  
Deildarforseti Listkennsludeildar LHÍ



Lára Steinsdóttir  
skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga